

Tillaga til 487. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 6. janúar 2021

Tillaga frá 572. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór 22. desember 2021, um að bæjarstjórn heimili stofnun lóða fyrir fjarskiptamöstur Sýnar hf., ásamt því að heimila útgáfu lóðarleigusamninga í samræmi við meðfylgjandi lóðarblað eftir stofnun lóðar.

12. Kleif í Súgandafirði. Umsókn um stofnun fjarskiptalóða í landi Suðureyrar - 2021110073

Gautur Þorsteinsson hjá Verkfræðistofu Bjarna Viðarssonar ehf. fyrir hönd Sýnar hf. sækir um tvær fjarskiptalóðir við Kleif í Súgandafirði, úr landi Suðureyrar L205495, sem er í eigu Ísafjarðarbæjar og eru hvor um sig 100 m² að flatarmáli. Þarna hafa lengi staðið fjarskiptamannvirki sem veita íbúum í Súgandafirði útvarps-, sjónvarps- og farsímaþjónustu.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóða fyrir fjarskiptamöstur Sýnar, ásamt því að heimila útgáfu lóðaleigusamninga í samræmi við meðfylgjandi lóðarblað eftir stofnun lóða.